

Mál nr. 95/2022**Nafn málskotsaðila (M).****Nafn varnaraðila: (V).****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging fjölskyldutryggingar****Gildissvið váttryggingar. Slysahugtak váttryggingaréttar.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 21. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 25. mars 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 28. mars 2022.

Málsatvik.

Í málskoti er vísað til þess að M hafi slasast á fimleikaæfingu 23. janúar 2019 og hafi haft vaxandi verki á árinu 2020 vegna þess. Í tjónstilkynningu foreldra M fyrir hennar hönd til V 4. desember 2020 kemur fram að þau hafi farið með M á slysadeild hinn 23. janúar 2019 vegna verkja í baki og lýsa meðferð kiropraktors og sjúkraþjálfara á árinu 2020 sem og myndgreiningum í lok árs 2020.

Af málskoti verður ekki annað ráðið en að M telji að líkamtjón hennar sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar þegar hún hafi lent illa eftir stökk á fimleikaæfingu, þó ekki liggi fyrir hvað hafi nákvæmlega orðið til þess, en ljóst sé að það hafi ekki verið með vilja gert og sannanlega valdið líkamtjóni. Í málskoti M er einnig vísað til dóms Hæstaréttar í máli nr. 412/2011 og að líkamstjón M verði ekki rakið til innra ástands eða sjúkdóma.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að ekki liggi fyrir hvað hafi nákvæmlega orðið til þess að M lenti illa eftir stökk á fimleikaæfingu 23. janúar 2019. V bendir á að gildissvið slysáttryggingar fjölskyldutryggingar nái til þess þegar skyndilegur utanaðkomandi atburður veldur meiðslum á líkama og gerist án vilja váttryggðs. Ekki sé ljóst af gögnum málsins hvað í atburðarás í aðdraganda stökks M á fimleikaæfingu hafi falið í sér frávík frá því að lenda á gólfi. Einnig bendir V á að liðskrið sé þekkt sem álagsmeiðsli í íþróttum. V telur því skilyrði slysahugtaks váttryggingaréttar, eins og það birtist í váttryggingarskilmálum þar sem M er váttryggð, ekki uppfyllt í máli hennar.

Álit.

Eins og málið liggur fyrir nefndinni verður ekki nákvæmlega ráðið af gögnum hvernig atburðarás í tengslum við stökk M á fimleikaæfingu var og hvort ætla megi að hún hafi t.d. misst jafnvægi, sbr. atvik í dómi Hæstaréttar í máli nr. 412/2011, eða að líkamsmeiðsli M megi rekja með öðrum hætti til utanaðkomandi atburðar. Læknisfræðileg gögn málsins segja heldur ekki skýrlega að þau einkenni sem M hefur séu þess eðlis að þau geti einungis komið til vegna utanaðkomandi atviks. Á M hvílir sönnunarbyrði um að hún hafi orðið fyrir slysi í skilningi skilgreiningar í váttryggingarskilmálum V þannig að gildissvið slysáttryggingar fjölskyldutryggingar nái til mögulegra afleiðinga líkamsmeiðsla hennar. Fyrirliggjandi gögn sýna ekki skýrlega fram á að þau skilyrði séu uppfyllt hvað varðar utanaðkomandi atburð. Miðað við fyrirliggjandi gögn á M því ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir